


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Salómon, hinn
vitri konungur



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Lazarus

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Davíð konungur var einn af
allra bestu þjónum Guðs.



Ísrael varð tíu sinnum stærra og
voldugra á valdaskeiði hans

en það
var á
dögum
Sáls
konungs.



Davíð var orðin gamall, þreyttur og heilsulítill, og var ævi hans nú senn á enda.





Einn af sonum Davíðs var Adónía. Hann gerði kunnugt að nú mundi hann verða konungur. Þótt nafn hans þýddi "Drottinn minn er Guð" reyndist hann ekki góður maður.






Hann
ætlaði að ræna
konungsveldinu,
vitandi að Davíð var
of gamall og þjáður
til að mótbæra,
en ætlun Guðs
var önnur.




Batseba, kona Davíðs, vissi að Salómon átti að verða konungur. Hún sagði Davíð frá áætlunum Adónía. Davíð kallaði nú fyrir ráðgjafa sína og gerði síðan kunnugt að Salómon hefði verið settur konungur Ísrael.




Eftir að Davíð hafði sagt fólkinu að Guð hafði kosið Salómon konung yfir Ísrael, varð konungsfyrirætlun Adónía þar með úr sögunni. Davíð konungur, hinn góði þjónn Drottins, dó skömmu síðar.





Áður en hann dó, talaði Davíð við Salómon um að vera hlýðinn Drottni, "Gakktu í vegum hans svo að þér megi vegnast vel, og lánast allt sem þú tekur fyrir."





Þetta voru góð
heilræði. Sat nú
Salómon í háscæti
föður síns, Davíðs,
og stóð veldi hans
traustum fótum.



Nótt eina birtist Drottinn Salómon í draumi og sagði,

"Segðu hvað

þú vilt að

ég gefi

þér."

Hvernig

hefðir

þú

svarað?



Salómon bað Guð um dómgreind til þess að geta verið góður konungur.



Drottni féll vel við bón Salómons,
og veitti honum
það er hann
óskaði. Guð
lofaði
honum
líka
auðlegð
og
heiður.




Ekki leið á löngu áður en fólkið
uppgötvaði visku Salómons. Dag
nokkurn komu tvær mæður
með eitt barn til hans.


"Sonur þessarar konu
dó um nótt, og hún
skipti sínu dauða
barni í staðinn
fyrir mitt
lifandi barn."



sagði önnur þeirra. "Nei! Lifandi barnið er sonur minn, og dauða barnið er sonur þinn," sagði hin konan. Hverju átti konungur að trúa?



Þá sagði konungur, "Færið mér sverð." Svo konungi var fært sverð. Hvað geturðu ýmindað þér að konungurinn ætlaðist fyrir með sverðið?



Og þá sagði konungur, "Höggvið
þetta barn í tvennt og fáið hvorri
sinn helming."



Þá sagði móðir lifandi barnsins, "Æ herra minn, fáðu henni barnið, láttu ekki deyða það."



En hin sagði, "Það
er best að hvorki
ég né þú ...



... fáir það, höggðu
barnið í tvennt."





Þá svaraði konungur og sagði,
"Fáið fyrstu konunni
barnið. Hún er móðir
þess." Þegar fólk
heyrði um dóminn,
fylltist það lotningu
fyrir konungi
sínunum, og skildi
að guðleg viska
bjó í brjósti
hans.




Það var ætlun Davíðs
konungs að byggja hús
fyrir fólkið til að dýrka
Drottinn, en Guð sagði

við hann,
"Sonur

þinn
mun byggja
hús í mínu nafni."




Salómon hóf síðan að
byggja musterið
í Jerúsalem.



Það tók Salómon
sjö löng ár að
byggja hús
Drottins. Svo
einn góðan
dag

safnaðist
allt fólk í Ísrael
saman til að heyra Salómon
vígja hið nýja hús Drottins.




Að lokinni bæn
konungs færði
konungur, og allt
fólkið saman
komið,

fleiri
þúsund
fórnir til Drottins
í pakklætisskyni.



Stóð
vígsluhátíðin
yfir í tvær
vikur.



Eftir hátíðina
birtist Drottinn
Salómon, og lofaði
honum að blessa
hann og
Ísrael svo
lengi sem þeir
hlýðnuðust
lögum hans.



En ekki leið á löngu
þar til Salómon og
Ísraelar hættu að
hlýðnast Guði.



Konungur, á móti vilja Guðs,
giftist fjölmörgum konum,
og sumum heiðnum, er
komu honum til þess
að dýrka falsguði.



Í hjarta sínu, var hann ekki
lengur trúr Drottni Guði
sínnum, eins og Davíð
faðir hans hafði
verið.



Jeróbóam var einn af
mönnum Salómons.




Eftir að spámaður einn sagði
Jeróbóam að Guð hefði ákveðið að
skipta konungsríkinu og að Jeróbóam
ætti að ríkja yfir
tíu ættbálkum ...




... Ísraels, gerði Jeróbóam uppreisn gegn konungi. Hann síðar gerði sér ljóst að Salómon mundi láta drepa hann, og flúði til Egyptalands.





Þegar Salómon dó, varð sonur hans Rehobeam konungur eftir hann. Rehobeam jók skatta fólksins að mun, og varð mjög óvinsæll fyrir.





Tíu ættbálkana
gerðu uppreisn og
kusu Jeróbóam
sem konung. Nú varð
ríki Salómons skipt í
tvennt, eins og
spámaðurinn
hafði sagt
fyrir um.
Guð blessar
ekki óhlýðni.



Salómon, hinn vitri konungur

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrri konungabók 1-12

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

